



Reykjavík, 18. september 2019
SFS2019090107
171. fundur
HG/sp

Til skóla- og frístundaráðs

Frá Helga Grímssyni, sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs

Efni: Svar við fyrirspurn skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi biðlista eftir dvöl á frístundaheimili

Á 168. fundi skóla- og frístundaráðs, 10. september 2019 lögðu skóla- og frístundaráðsfulltrúar Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Fulltrúar Sjálfstæðisflokks í skóla- og frístundaráði óska eftir upplýsingum um það hversu mörg börn eru á biðlista eftir því að komast inn á frístundaheimili.

Svar:

Þann 16. september 2019 var búið að sækja um fyrir 4.241 barn í frístundaheimili og 146 börn í sértækar félagsmiðstöðvar, samtals 4.387 umsóknir. Á biðlista eru núna 174 börn, búið er að samþykka 4.189 börn inn í dvöl í frístundaheimili og sértækar félagsmiðstöðvum þar af 169 í hlutavistun. Flest börnin sem eru á biðlista eru börn úr 4. bekk.

Til samanburðar var 19. ágúst 2019 búið að sækja um fyrir 3.867 börn í frístundaheimili og 144 börn í sértækar félagsmiðstöðvar, samtals 4.011 umsóknir. Þá voru 1.328 börn á biðlista, búið var að samþykka 2.632 börn inn í dvöl á frístundaheimil og sértækum félagsmiðstöðvum, þar af 222 í hlutavistun.

Reglur um þjónustu frístundaheimila gera ráð fyrir því að verði tafir á þjónustu, t.d. vegna faliðunar þá sé litið fyrst til forgangshópa síðan eru umsóknir afgreiddar í tímaröð en þó þannig að börnum í 1. bekk er fyrst boðin dvöl, þá börnum í 2. bekk, en þá verði ef ekki er hægt að bjóða öllum börnum dvöl stærri hópi boðin dvöl hluta úr viku þannig að flestir fái hluta af þeirri þjónustu sem sótt var um. Þegar búið er að tryggja öllum börnum í 2. bekk dvöl verður börnum í 3. bekk og að lokum börnum í 4. bekk boðin dvöl með sama hætti og börnum í 2. bekk. Í tilteknum hverfum starfrækir Reykjavíkurborg safnfrístundaheimili fyrir börn í 3. og 4. bekk úr tilteknum skólum, börn innritast á safnfrístundaheimili á sama hátt og á öðrum frístundaheimilum, þ.e. 3. bekkur á undan 4. bekk. Ef um skort á starfsfólki er að ræða leitast frístundamiðstöðvar við að manna frístundaheimili fyrir yngri börn fyrst.